

Ed.

435. Frumvarp

til laga um friðun náttúruminja.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Dómsmálaráðherra lætur semja skrá yfir allar þær náttúruminjar og þau einstök atriði í landslagi eða þau landslagssvæði, hverju nafni sem tjáir að nefna, þar með taldir fossar, ár og stöðuvötn, sem honum er kunnugt um eða þykir

líklegt, að erlendir og innlendir ferðamenn sækist eftir að sjá, og er þetta allt nefnt náttúruminjar í lögum þessum. Náttúruminjar, sem á þeirri skrá standa, skulu friðaðar með þeim hætti, sem í lögum þessum greinir, og þær skulu vera undir eftirliti og vernd dómsmálaráðuneytisins. Skal náttúruminjaskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, og hefst friðunin með birtingunni.

2. gr.

Nú þykir dómsmálaráðherra ástæða til þess að friða einhverjar náttúruminjar, sem ekki hafa verið á náttúruminjaskrá áður, og skulu þær þá færðar á skrána og það birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Hefst friðun þeirra þann dag, sem það er birt.

3. gr.

Eftir að náttúruminjar eru komnar á náttúruminjaskrá má enginn maður nýta þær á annan veg en dómsmálaráðuneytið mælir fyrir, og hvorki raska þeim né breyta þeim, nema að ráðstöfun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Nú eru náttúruminjar, sem settar hafa verið á náttúruminjaskrá, eign einstakra manna eða stofnana, sveitarfélaga eða annara en ríkisins, og skulu eigendum þá greiddar bætur eftir dómkvaddra manna mati fyrir það nytjatjón, sem þeir sannanlega biða við friðunina.

Séu nothæf mannvirki á friðuðum náttúruminjum, sem eru í eigu annara en ríkisins, og verði not þeirra ekki heimiluð eftir að náttúruminjarnar voru teknar á náttúruminjaskrá, þá skal greiða bætur fyrir það með sama hætti, en þó því aðeins, að mannvirki þessi hafi að staðaldri verið notuð eftir tilætlun sinni, þegar friðunin hófst. Ekki skal bæta missi nýtingarmöguleika friðaðra náttúruminja, nema nýtingin hafi að nokkru verið framkvæmd eða hafðir til hennar alvarlegir tilburðir.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið hefir eftirlit með friðuðum náttúruminjum, að þær raskist ekki, breytist ekki eða spillist, og það setur reglur um það, hvernig náttúruminjarnar skuli sýndar almenningi og hvernig hann skuli hafa umgengni um þær. Getur ráðuneytið falið einhverri ríkisstofnun, sem nú er til, að fara með það eftirlit, án aukinna framlaga fyrir ríkissjóð til hennar.

6. gr.

Nú raskast eða spillast einhverjar friðaðar náttúruminjar svo af óviðráðanlegum ástæðum, að þær koma ekki að tilætluðum notum, og lætur þá dómsmálaráðuneytið, eða sú stofnun, sem það hefir falið umsjá náttúruminja, bæta um þetta eftir föngum. Greiðist kostnaðurinn við það úr ríkissjóði. Þurfi, að dómi ráðuneytisins, eða þeirrar stofnunar, sem annast umsjá friðaðra náttúruminja, að gera einhver mannvirki á þeim, annaðhvort til verndar þeim eða til þess að þær komi almenningi að tilætluðum notum, þá skal það gert, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Nú raskast eða spillast friðaðar náttúruminjar svo af óviðráðanlegum ástæðum eða af völdum náttúrunnar, að þær koma ekki að tilætluðum notum og reynist ógerningur að bæta þær skemmdir eða þykir fullvist, að þær muni ekki batna af sjálfsdáðum, og skal þá taka þær af náttúruminjaskrá. Skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna. Er friðuninni þar með lokið og eigendum heimilt að nýta náttúruminjarnar eftir vild.

7. gr.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminum svo af vangá, að þær koma ekki að tilætluðum notum, og skal þá bæta skemmdirnar á kostnað þess, er þeim olli. Greiðist sá kostnaður ekki, má taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminum svo af ásettu ráði, að þær koma ekki að tilætluðum notum, en verði þó bætt, og varðar það sektum frá 500 til 10000 krónum. Skulu skemmdirnar bættar á kostnað þess, er þeim olli, en greiðist sá kostnaður ekki, má taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminum svo af ásettu ráði, að þær koma ekki að tilætluðum notum og ekki verður um bætt, eða ekki nema að nokkru, og varðar það þá fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

8. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk dómsmálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til breytingartillagna undir meðferð frumvarpsins í deildinni. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Það er alkunnugt, að erlendir ferðamannastraumur til landsins hefir sífellt verið að aukast fram að þessu, og að landsmenn hafa allmiklar tekjur af honum. Það þykir og líklegt, að sá straumur muni aukast enn, og er hæði rétt og skylt að gera allt til þess, að sem mest laði ferðamenn hingað. Er frumvarp það um stofnun ferðamannaskrifstofu, sem fyrir þinginu liggur, liður í þeirri viðleitni. Það er svo um flesta hina útlendu ferðamenn, að þeir koma ekki hingað að aðallega til þess að njóta hins góða, hreina lofts, heldur koma þeir fyrst og fremst til þess að sjá fagra og einkennilega náttúru eða fátíð náttúrufyrirbrigði, sem hér gerast. Sumir staðir og sum náttúrufyrirbrigði landsins eru þegar orðin kunn víða um heim, og spyrja ferðamenn, sem hingað koma, þegar um þau um leið og þeir stiga hér á land. Það er því bráðnauðsynlegt að sjá um, að þær náttúruminjar, sem laða ferðamennina, og aðrar, sem líklegt er að mundu gera það, ef þeim væri haldið að ferðamönnum, séu friðaðar, svo að ferðamennirnir verði ekki fyrir vonbrigðum af því, að hugsunarlitlir menn hafa misskilið þýðingu

náttúruminjanna eða metið meira einkahagsmuni en almannaheill. Lög nr. 59 frá 7. maí 1928, um friðun Þingvalla, sýna, að löggjafarþinginu hefir verið þessi nauðsyn ljós, og það má í sjálfu sér furðulegt heita, að sú friðun, sem þetta frumvarp fer fram á, hafi ekki verið lögleidd um leið og Þingvallafriðunin.

Þess skal hér getið, að frumvarp þetta er ekki borið fram að tilefnislausu. Náttúrufyrirbrigði einu, sem er hér í grennd við Reykjavík og var alkunnugt og mjög eftirsótt meðal erlendra ferðamanna, hefir fyrir skemmstu verið breytt svo af eiganda, að það er ónýtt í bili. Breytingin, sem gerð hefir verið þarna, er að vísu hugsuð sem byrjun á endurbót af eiganda, en hæpið hvernig tekst. Enda þótt í góðum tilgangi sé gert, virðist það mjög vafasamt að leyfa ófróðum mönnum að fúska við slikt, því að tjónið er óbætandi, ef illa tekst. Þykir það eina leiðin til að forðast þau vandræði, sem af kunna að hljótast, að setja náttúruminjarnar undir opinbera umsjá.

Á einstakar gr. frv. þykir ekki ástæða að minnast; þær geta fæstar verið mikið öðruvísi en þær eru. En um 4. gr. verður að geta þess, að fæstar náttúruminjar eru, enn sem komið er, að nokkru verulegu nýttar, og í hæsta lagi getur eigandi beðið óverulegt beitartjón. Jafnframt er það, að ekki þykir rétt, að bættir séu óhagnýttir möguleikar á nýtingu, því að það mundi verða til þess, að eigendur færu að sjá ágæti eigna sinna mjög svo með stækkunargleri, ef friðaðar yrðu, og reyna að gera sér það, sem einskisvert er, að féþúfu. Þess ber og að geta, að hegningarákvæði 7. gr. kunna að þykja nokkuð hörð, en það virðist verða svo að vera, því að það er tilgangslaust að neita því, að eðlislöghlýðni vor Íslendinga er svo litil, að vér í þeim efnum skiljum ekki fyrri en skellur í tönnium.

Lög svipuð þessum eru til í flestum eða öllum löndum, og eru sérstaklega í ferðamannalöndunum mjög nákvæm og ströng.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, er mjög líklegt, að það þyrfti að breyta þeim fljótlega, því að það er alltaf svo um ákvæði, sem sett eru af hyggju, en ekki reynslu. Síðar fengin reynsla sýnir, að þó hyggjan sé góð, nær hún reynslunni langt um skemur.